



Dr. juris Björn Þórðarson

Valdar ræður

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annálar – Minnisblöð – Ræða 20. apríl 1943 – Ræða 11. september 1944

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470

Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944

Askja 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gótt vinnur,

Útaf samtali abbar í gærmorgun,
geri ég mér til gansans að
sendu þér resturnar tveir, sem ég
flutti „utarbókar“ og minnstilá
við þig. Þú gerir svo vel að koma
blóðunum til mín aftur við
hentugleitsa. Kveðja mín.

Þinn B.L.

1 1943 í veizlu, sem ríkis-
inu. (Ræðan var gæmð í
laðalaust og skip skrifuð
og, eftir svo stutta viðgering
fundis í þessu þingdaga
mína ágætu veizlu ykkar 8.
anna fyrir sig, að bjóða ykkur
að vera í boði okkar eina kveldstund, og nú hefir okkur orðið að þeirri
ósk að sitja með ykkur að þessu hófi. En ég verð að segja það, að ég hafði
nú eiginlega vanst þess að þurfa ekki að halda neina ræðu, en minn mikils-
virtti sessunautur, hestvirtur forseti samcínads þings, (G.Sv.) hefur nú
gefið tilefni til þess, að ég get ekki orða bundið. Annars átti mér að
geta skilið það, að þar sem alþingismenn eru saman komnir hljóta að verða
ræðuhöld, og þá er órött verða allir að breyta, sem tulla sér þar á skák, með
hverjum hætti sem er, því að "at augabragði verður sá es ekki kann, ok með
snotrum sitr."

Það er svo skammt síðan, að mér var kippt inn í nýtt umhverfi,
að visu á mína eigin ábyrgð, að það er eins og "gesturinn" sé enn þá uppi
í mér, og máltakið segir: "glögg er gestsaugað"; en hversu glögg mitt auga
er skal ég ekki segja, en áður en ég kom hér hefur um nokkur undanfarin
ár það verið í langtum stærra máli ~~mei~~ verkefni mitt, að hlusta en ~~skki~~
tala. 1) Í hinu nýja umhverfi skilst mér, að lögð sé meiri áhersla á að
tala en hlusta, þó sá hæfileiki sé engarveginn vanrektur. En ég held að það
sé ekki misskilningur hjá mér, að svo virðist sem alþingismenn séu manna
leiknastir í því að loka eyrunum fyrir því sem talað er eða að láta það
1) hlusta sem dómari á munnlegan málflutning

Ræða

forsætisráðherra Björns Þórðarsonar 20. apríl 1948 í veizlu, sem ríkisstjórnin hélt alþingismönnum í Oddvelliðhúsinu. (Ræðan var ~~gæmsð~~ hugsuð áður, ef á byrfti að halda, en flutt blaðalaust og skipt skrifuð niður næsta dag)

Háttvirtir alþingismenn!

Þegar ég og félagar mínir sátu hina águstu veizlu ykkar 8. mars, var það þögult heit hvers okkar ráðherranna fyrir sig, að bjóða ykkur að vera í boði okkar eina kvöldstund, og nú hefir okkur orðið að þeirri ósk að sitja með ykkur að þessu hófi. En ég verð að segja það, að ég hafði nú eiginlega vanst þess að þurfa ekki að halda neina ræðu, en minn mikilvirti sessunautur, hestvirtur forseti sameinaðs þings, (G.Sv.) hefur nú gefið tilefni til þess, að ég get ekki orða bundið. Annars átti mér að geta skilist það, að þar sem alþingismenn eru saman komnir hljóta að verða ræðuhöld, og þá er órött verða allir að breyta, sem tjalla sér þar á skák, með hverjum hætti sem er, því að "at augabragði verður sá es ekki kann, ok með snotrum sitr."

Það er svo skammt síðan, að mér var kippt inn í nýtt umhverfi, að vísu á mína eigin ábyrgð, að það er eins og "gesturinn" sé enn þá uppi í mér, og máltakið segir: "glögg er gestsaugað"; en hversu glögg mitt auga er skal ég ekki segja, en áður en ég kom hér hefur um nokkur undanfarin ár það verið í langtum starva máli ~~mei~~ verkefni mitt, að hlusta en ~~skki~~ tala. 1) Í hinu nýja umhverfi skilst mér, að lögð sé meiri áhersla á að tala en hlusta, þó sá hæfileiki sé engarveginn vanræktur. En ég held að það sé ekki misskilningur hjá mér, að svo virðist sem alþingismenn séu manna leiknastir í því að loka eyrunum fyrir því sem talað er eða að láta það 1) að hlusta sem dómari á munnlegan málflutning

2

fara gægnum annað eyrað og út um hitt. En þetta eru kostir, sem á þessari hávaðans öld hverjum manni er hollt að temja sér, svo að hann láti ekki glepjust.

Ég vait ekki hvort það á við, að ég, eftir svo stutta viðkynningu fari að telja upp fleiri kosti, sem ég hefi fundið í fari þingmanna sérstaklega, en það er þó einn, sem ég vil geta og mér virðist talsvert áberandi, en það er háttprýði þeirra, ég vil segja riddablár, í umgengni innbyrðis - utan þingsalanna. Eins og allir vita eru öll vopn, sem hugur og tunga ráða yfir, notuð á mótstöðumanninn í þingsölunum sjálfum, það er gert ex officio, í embattisnafni, í þjónustu ~~flökks~~ ~~síks~~ ~~flökks~~ flokksins. En er orrahriðinni slotar, gefur að sjá hinar sömu hólagönguhetjur niðri í hinum dúnnjúka forsal þinghússins hagræða sér ljúfmannlega hlið við hlið í hægindunum og neyta í bróðerni og með drengilegu f yfirbragði samáiginlega brauðs og drykkjar, að vísu í sveita síns andlitis.

Ég skal nú ekki fara lengra inn á þessa braut, en hins vil ég minnst, að þegar við vorum saman 8. marz, að þá var það hóf haldið í tilnefni af stofnun hins ráðgefandi Alþingis, fyrir 100 árum. Á þeim tíma var stjórnin allt, en þingið ekkert. En á þessu tímabili hefur svo skipast, að þingið er orðið allt, og stjórnin skipuð síðustu 40 árin samkvæmt tilnefningu þess, þ.e.s. meiri hluta þess. En nú vill svo til, að yfir stendur millibilisástand þar sem þingið hefur ekki neytt valds síns til þess að velja stjórn, og staða stjórnarinnar er með vissum hætti að eins ráðgefandi, ef hún er þá það, þar sem hún hefur engan flokk að baki og ég vil segja ekki einn einasta þingmann, er hana styður.

Hvaða eftirmáli þetta tímabil fær, hversu langt eða skammt sem það verður, og lífdagar stjórnarinnar með, skal ég láta ósagt. En það vil ég

3

segja, að vilji stjórnarinnar er að forðast stríð, og dettur mér í hug, að eftirmælin kunni að verða svipuð því, sem segir frá á einum stað í Bretasögum, en þar eru eins og kunnugt er, nær eingöngu um orrustur og vígafærli milli konunga og höfðingja, er steypa hver öðrum af stóli eða koma hver öðrum fyrir kattarnef á einn eða annan hátt. En svo bar til fyrir tilviljun, að til ríkis komst konungur einn, sem Maddan hét, og ríkti skamma hríð. Um konung þenna segir: "Maddan var hógvær og friðsamur. Frá honum er engi saga ger".

Kann nú ekki að verða eitthvað svipað um eftirmæli núverandi stjórnar, sem vill og atlar að verða friðsöm? Frá henni verður engi saga ger.

Einn af háttvirtum þingaöðnum, sem að vísu er ekki viðstaddur hér í kvöld, (Jónas Jónsson), lét þau orð frá sér fara á prenti, að þingið hafi tekið stjórninni 10. desember "með þögulli ánægju". Ykkur eru nú kunnari en mér réttmæti þessara ummála, en mér hefði þótt vel fara á því, að höfundur hefði notað varnagla Ara prests, að réttara væri þó að hafa það, er sannara reyndist. En hvað sem sannindum þessara ummála líður og þrátt fyrir hið þýða viðmót, sem ég og félagar mínir höfum ekki farið varhluta af, af ykkar hálfu, þá kemur mér í hug, og styrkist það hugboð mitt við ummæli, sem hástvirtur forseti lét falla áðan, að þegar stjórnin fer, muni hún kvöð með ánægju af þinginu.

En hvernig sem þetta verður, mun stjórnin þá eins og nú óska þess, að heill og samd þingsins, því að það þýðir heill og samd þjóðarinnar, megi stíð uppi verða.

A l þ i n g i l i f i :

11/9' 44

Herra forseti.

Á þessu stigi umræðanna þykir mér rétt að taka þetta fram:

Eins og þegar hefur verið minnst á, var það 30. f.m., miðvikudaginn annan en var, að ríkisstjórnin sendi miðstjórnnum allra þingflokka frumvarp það, sem hér liggur fyrir, til athugunar og óskaði svars flokkanna um undirtektir þeirra fyrir 10. þ.m. Á mánudaginn var, var frumvarpinu útbýtt í þinginu og hefur síðan verið almenningi kunnugt.

Þar sem stjórnin varð nú brátt þess áskynja, að flokkarnir myndu ekki, eins og raun hefur á orðið, gefa nein þau svör fyrir 10. þ.m., sem hún mætti við una, þá ákvað stjórnin að æskja þess, að fram faru útvarpsumræður um málið, svo sem nú hefur orðið.

Í málögnum flokkanna hafa tillögur stjórnarinnar hvergi fengið stuðning og í sumum þeirra hefur verið lagzt þunglega í gegn þeim. Í þessum umræðum hefur það einnig orðið bert, að þær eiga ekki mikils þyrst að vanta í heild í þinginu. Enginn þingflokkanna hefur þó borið brögður á það, að þingið geti ekki leitt dýrtíðarmálin hjá sér með aðgerðaleysi. Nýtt verðlagsár fyrir landbúnaðarafurðir hefst 15. þ.m., og vegna þessa var þingið kvatt saman 2. þ.m. og flokkunum sendar tillögur stjórnarinnar nokkru fyrr til þess að þeim gafist tími til að íhuga ráðstafanir þar, er stjórnin taldi nauðsynlegar og þinginu gafist kostur á að hafa tekið afstöðu til málanna áður en verðhakkunaraldan skylli yfir.

Enn er það ekki vitað, að flokkarnir hafi komist að niðurstöðu sín á millum um það, hvað gera skal, en eitthvað jákvætt í málinu verður að gera.

Stjórnin vill minna á það, að þótt þingið geti

ekki fellt sig við að veita henni atbeina í viðleitni hennar til að forða því að verðbólgan vaxi atvinnuvegunum yfir höfuð, þá hefur stjórnin lýst því yfir, að hún muni þegar víkja fyrir nýrri stjórn, er hefði yfirlýstan meiri hluta þings að baki sér. Þennan meirihluta hefur til þessarar stundar ekki verið unnt að mynda, þrátt fyrir endurteknar og enn varandi tilraunir. Nú hefur stjórnin hinsvegar engan veginn skuldbundið sig til þess að víkja eigi fyrr en meiri hluti þings væri fenginn fyrir annari stjórn. Þegar stjórnin var skipuð var það yfirlýst markmið hennar að stöðva verðbólguna þá, og reyna að vinna bug á henni. Nú horfir málanum þannig, að vegna lagasetningar og margvíslegra umbrota og óreiðu í kaupgjaldsmálum, hefst óhjákvæmilega stóraukin verðbólga nú þegar, sem því næst fer ört vaxandi í nánustu framtíð, ef látið er skeika að sköpuðu. Ef viðleitni stjórnarinnar til þess að hafa hemil á þessu getur ekki fengið stuðning þingsins, þá getur ekki að öðru rekið en því, að hún vill ekki una því ástandi.

Stjórnin hefur því ákveðið, ef þingið eða meiri hluti þess hefur ekki fyrir 15. þ.m. bent á nýja stjórn eða lýst því yfir eða samþykkt það, að gera þær ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, sem núverandi stjórn telur eftir atvikum að við megji hlíta, að leggja fyrir forsetann lausharbeiðni sína, sem væntanlega verður tekin til greina.

Þá kann svo að fara, að einhver öfl innan þingsins, sem ekki hafa notið sín til þessa, leysist úr læðingi og sameinist með nægum styrk til þess að koma því til vegar, að fólkið verði enn um skeið varið fyrir stóráföllum af völdum flóðbylgju verðbólgunnar.

(Ræða forsætisráðherra við útvarpsumr.
á Alþingi 11.sept.1944).

21. sept. fæddist svo nýstjórnarstjórn Ól. Th. og Kamme